

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 139/383

komudagur 25. 11. 2010

Alþingi
b.t. Nefndasviðs
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

24. nóvember 2010

Tilvísun: 2010110052

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt, þskj. 84 - 80. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við að komið verði á fót samvinnuráði um þjóðarsátt en vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemd.


Í 7. tölul. tillögunnar er fjallað um jöfnun samkeppnisstöðu fyrirtækja á markaði. Fjármálaeftirlitið bendir á að sett hafa verið tímamörk á hversu lengi viðskiptabanki, sparisjóður eða láanafyrirtæki, eða dótturfélög þeirra, mega reka fyrirtæki með lögum nr. 75/2010 um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í 16. gr. laga nr. 75/2010 sem breyttu 1. mgr. 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki er m.a. kveðið á um að endurskipulagningu skuli lokið áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að starfsemi hófst og að ákvæði VII. og VIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, gilda um viðskiptaaðila sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfélög þeirra, eignast a.m.k. 40% eignarhlut í. Frumvarpið tók breytingum í meðförum þingsins og kemur fram í nefndarálini meirihlutans að tillagan um breytingu á framangreindu ákvæði hafi byggst m.a. á frumvarpi um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þskj. 954 - 564. mál. En markmið þess var að stuðla að auknu gagnsæi, jafnræði og bættri samkeppnisstöðu á þeim mörkuðum þegar sem að minnsta kosti einn samkeppnisaðili er kominn í eigu fjármálafyrirtækis.


Í ljósi framangreinds má færa fyrir því rök að tekið hafi verið að einhverju leyti á efni 7. tölul. tillögunnar.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir umsagnarrétti, leggi ráðherra fram lagafrumvörp til innleiðingar tillagna samvinnuráðs.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Guðmundur Jónsson


Hildur Jóna Júlíusdóttir